

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skrifstofa umhverfis- og orkumála
Skuggasundi 1-3
101 Reykjavík

Sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 16. september 2022

Efni: Drög að frumvarpi að breytingu á raforkulögum nr. 65/2003

Vísað er til kynningar á Samráðsgátt Mál nr. 165/2022 Birt: 14.09.2022.

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér drög að breytingum á raforkulögum sem ætlað er að skýra betur heimild dreifiveitna til að haga gjaldskrá sinni þannig að almennir notendur dreifikerfisins beri ekki kostnað ef tengingar nýrra viðskiptavina við kerfið valda viðbótarkostnaði sem bundin er við þá tenginu.

Stjórn Landverndar telur þessa breytingu nauðsynleg til að fyrirbyggja að almennir notendur raforku beri aukin kostnað vegna tengingar einstakra viðskiptavina sem fylgir mikill stofnkostnaður og umsvif við dreifinetið.

Almennt kallar Landvernd eftir því að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á lögum og reglum til að tryggja stöðu almennra notenda raforku og til orkuskipta þannig að stórnotendur geti ekki skapað hættu á orkuskorti og óhóflegum hækkunum á raforkuverði.

Með vinsemd og virðingu,

f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar

